

EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 8. maí 2018

2. fundargerð

Mættir:

Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður,
Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason,
Garðar Lárusson, Egill Jónsson, Birgir B. Svavarsson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

Fjarverandi: Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir.

Gestur fundarins: **Jóhannes G. Bjarnason og Ingibjörg Ísaksen**

1. **Fundarsetning.** Formaður setti þennan 2. fund stjórnar EBAK á starfsárinu 2018 – 2019. Þar sem þetta var fyrsti fundur Birgis B. Svavarssonar kynntu fundarmenn sig örstutt.
2. **Fundargerð stjórnar EBAK** nr. 1 frá 10. apríl 2018 yfirfarin og samþykkt.
3. **Dagbók** á skrifstofu yfirfarin og rædd. Haukur var 11. apríl, einn kom og spurði um afsláttarbókina. Sá sagðist tilbúinn að safna upplýsingum um afslætti til eldri borgara á Akureyri. Egill var 18. apríl og fékk hringingu með fyrirspurn um salinn. Garðar var 25. apríl og einn kom. Dóra var 2. apríl og þá kom einn.
4. **Um fjöllum um verkefni milli stjórnarfunda.**
 - a) Auka landsfundur LEB var haldinn á Seltjarnarnesi 24. apríl sl. Fulltrúar EBAK á fundinum voru Dóra, Halldór, Haukur og Margrét. Aðalmálefni fundarins voru laga-breytingar, sem laganefnd sem skipuð var á aðalfundi LEB fyrir ári síðan lagði fram. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar (sjá fundargerð LEB). Haukur sagði frá því að ráðherra hefði tilnefnt hann sem formann starfshóps sem á að endurskoða lög um almannatryggingar.
 - b) Kynning á EBAK 25. apríl sl. á starfslokanámskeiði Einingar-Iðju og Símei. Halldór sá um kynningu á félaginu og starfsemi þess.
 - c) Opinn fundur EBAK og öldungaráðs Akureyrarbæjar 30. apríl sl. Þar voru Halldór S. Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Jón Hrói Finnsson sviðsstjóri búsetusviðs Akureyrarbæjar með framsögu um nýsköpun og velferðartækni í öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ. 49 manns komu á fundinn. Annar fundur verður 17. maí nk.
 - d) Stubbahús, (sjá fundargerð stjórnar no.1) Garðar keypti tvö og setti þau upp sitt hvoru megin við andyri félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu.
 - e) Fréttir af fundi öldungaráðs 7. maí (í gær). Á fundinum var m.a. rætt um dagskrá opins fundar EBAK og öldungaráðs sem haldinn verður 17. maí nk. Velferðar- og upplýsingastefna Akureyrarbæjar, sem unnið hefur verið að undanfarin misseri voru til umfjöllunar. Nokkrar ábendingar um breytingar komu fram hjá fulltrúum EBAK. Gert er ráð fyrir að bæjarstjórn samþykki fyrirleggjandi tillögur um velferðar- og upplýsingastefnu bæjarins fyrir kosningar. Þetta var síðasti fundur þessa öldungaráðs. Nýtt öldungaráð tekur til starfa eftir sveitastjórnarkosningarnar 26. maí nk.
5. **Röð varamanna í stjórn ákveðin** (sjá 5. gr. samþykkt EBAK). Röð þeirra var samþykkt þannig: 1. varamaður Kolbrún Kristjánsdóttir, 2. varamaður Egill Jónsson, 3. varamaður Birgir S. Svavarsson.
6. **Fjárhagsáætlun EBAK fyrir árið 2018.** Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Hún nefndi að félögum hefur fjölgað og áætlunin er miðuð við 1400 félaga. Tekjur eru áætlaðar alls kr. 7.233.333, þar með taldar vaxtatekjur, áætluð gjöld verði kr. 5.558.333 kr. og rekstrarhagnaður kr. 1.675.000.
7. **Sumarstarf 2018 í félagsmiðstöðvunum** í Bugðusíðu og Víðilundi. Samkvæmt samningi EBAK og Akureyrarbæjar verður opið í Víðilundi virka daga í sumar en opnunartíminn

verður styttri en yfir veturinn. Starfsmaður EBAK verður þar í þrjá tíma á dag í júlí. Mikilvægt er að sjálfboðaliðastarfið leggist ekki af og var Margrėti falið að ræða við Víðilundarnefndina. Rætt var um að starfsmaður EBAK opni félagsmiðstöðina í Bugðusíðu í júlí kl.09 að morgni, helli upp á og setji kaffivagninn fram fyrir salinn hjá blaðalestrarborðinu. Þá er eftir að ræða við Bugðusíðunefndina um frekari starfsemi í Bugðusíðu í júlí.

8. **Gestir fundarins, Jóhannes G. Bjarnason og Ingibjörg Ísaksen**
Jóhannes þakkaði höfðinglega styrki frá EBAK til Hollvína SAK í verkefni þeirra á sjúkrahúsinu á undanförunum árum. Jóhannes og Ingibjörg spurði svo hvaða mál brynnu á eldri borgurum á Akureyri. Þau bentu m.a. á að snjallt væri að stofna formlegt íþróttafélag eldri borgara. Það auðveldaði samninga um notkun á íþróttamannvirkjum bæjarins. Kortleggja þarf lausa tíma í íþróttasölum. Ýmislegt var rætt sem tengist heilsuefningu, hreyfingu og útivist, námskeið í skriðsundi o.fl.
9. **Samningur** um vinnutíma, kaup og kjör og starfslýsing vegna starfsmanns í EBAK Bugðusíðu þarf að vera frágengin fyrir 1. júní nk. Vísað til framkvæmdaráðs.
10. **Sumarstarf nefnda 2018:** Göngunefndin vinnur að gönguferðum um Kjarnaskóg með sama sniði og áður. Jónas Stefánsson formaður gönguklúbbs EBAK hefur óskað eftir að stjórnarmenn mæti á fund klúbbsins 22. maí nk. Stjórn klúbbsins, þau Jónas, Svala og Valgerður hafa fengið 3 aðila með sér til þess m.a. að skipta með sér umsjón með gönguferðum sumarsins. Áætlað er að bjóða upp á 12 gönguferðir. Golfnefndin starfar áfram í sumar, vinnur að því að fá að fara á golfvöllinn. Ferðanefnd hefur skipulagt ferð um Suðurland sem orðin er yfirbókuð, og aðra um Austurland. Þar eru 4 sæti laus.
11. **Styrkir til nefnda:** Bréf hefur borist frá ferðanefnd þar sem sótt er um styrk vegna starfsemi nefndarinnar. EBAK greiddi nefndinni engan styrk 2017. Ákveðið að fresta málinu að sinni. Fræðslunefnd hefur fengið styrk vegna kostnaðar við ráðstefnuna „Maður er manns gaman“. Göngunefnd hefur skipulagt 12 ferðir í Kjarnaskóg. Samþykkt að EBAK borgi rútukostnaðinn sem er kr. 300.000. Búið að afgreiða kr. 200.000 styrk til kórsins.
12. **Opinn fundur** EBAK og öldungaráðs verður haldinn 17. maí nk. í Bugðusíðu. Umfjöllunarefni fundarins er í vinnslu. Æskilegt er að framhald verði á þessum fundum.
13. **Skjöl frá Hallgrími og Halldóri** rædd og tekin til skoðunar. Þessi skjöl eru samantekt á því hvaða skjöl eigi að setja í möppur fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda, um ritun og skil fundargerða stjórnar, gátlisti vegna aðalfundar, minnisblað vegna viðveru á skrifstofu og gagnavörslu á skrifstofu. Gjaldkera falið að kaupa möppur fyrir þessi skjöl.
14. **Skipulag skrifstofu EBAK.** Ákveðið að því verði lokið fyrir 1. okt. nk.
15. **Næsti stjórnarfundur EBAK ákveðinn þriðjudaginn 5. júní nk. kl. 13 – 15.** Þá verður tekin ákvörðun um dagsetningar er varða lokun skrifstofu í sumar og frekara fundahald stjórnar.
16. **Viðvera á skrifstofu** – 9/5 Dóra, 16/5 Halldór, 23/5 Egill, 30/5 Kolla.
17. **Önnur mál:**
 - a) **Landsmót UMFÍ 50+ 12. - 15. júní á Sauðárkróki. Frjáls skráning félaga EBAK.**
 - b) **Á vefnum www.lifdununa.is er verið að opna upplýsingabanka.**
 - c) **Prentun** á samþykktum EBAK.
 - d) **Skjalavarsla** á skrifstofu (rafræn og í möppum). Í vinnslu.
 - e) **Möppur** með gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda EBAK.

Margrét Pétursdóttir